

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2020/2174****2021/EES/5/13****frá 19. október 2020****um breytingu á I. viðauka C, III. viðauka, III. viðauka A, IV., V., VII. og VIII. viðauka við reglugerð  
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 um tilflutning úrgangs (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 frá 14. júní 2006 um tilflutning úrgangs <sup>(1)</sup>, einkum a- og c-lið 1. mgr. 58. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Á fjórtánda ráðstefnu aðila Basel-samningsins, sem var haldin í maí 2019, var ákveðið, með ákvörðun BC-14/12, að fella nýja færslu um hættulegan plastúrgang (færsla A3210) inn í VIII. viðauka og tvær nýjar færslur um hættulausan plastúrgang inn í II. viðauka (færsla Y48) og IX. viðauka (færsla B3011) við Basel-samninginn. Þessar breytingar öðlast gildi 1. janúar 2021.
- 2) Rétt þykir að Sambandið, sem er aðili að Basel-samningnum, breyti viðeigandi viðaukum við reglugerð (EB) nr. 1013/2006 til að taka til greina breytingar á viðaukunum við Basel-samninginn sem tengjast færslum um plastúrgang.
- 3) Umhverfismálanefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar samþykkti breytingar á 4. viðbæti við ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar <sup>(2)</sup> varðandi hættulegan plastúrgang og nánari útlistanir í 3. og 4. viðbæti við ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar 7. september 2020. Þessar breytingar öðlast gildi 1. janúar 2021. Rétt þykir að Sambandið breyti viðeigandi viðaukum við reglugerð (EB) nr. 1013/2006 til að taka þessar breytingar til greina.
- 4) Í þessari reglugerð er höfð hliðsjón af þeirri staðreynd að ekkert samkomulag hefur náðst innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar um að fella breytingarnar á viðaukunum við Basel-samninginn um hættulausan plastúrgang (færslur B3011 og Y48) inn í viðbætana við ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar.
- 5) Að því er varðar útflutning á plastúrgangi frá Sambandinu til þriðju landa og innflutning á plastúrgangi frá þriðju löndum inn í Sambandið ætti að breyta III., IV. og V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1013/2006 til að taka til greina breytingarnar á II., VIII. og IX. viðauka við Basel-samninginn og breytingarnar á 4. viðbæti við ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Af því leiðir að frá og með 1. janúar 2021 fellur útflutningur frá Sambandinu og innflutningur inn í Sambandið á plastúrgangi sem fellur undir færslur AC300 og Y48 til og frá þriðju löndum, sem ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar <sup>(3)</sup> gildir um, undir málsmeðferð um skriflega fyrirframtílkynningu og skriflegt fyrirframsamþykki. Í samræmi við a- og b-lið 1. mgr. 36. gr. og V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1013/2006 verður bannað að flytja plastúrgang, sem fellur undir færslur A3210 og Y48, til þriðju landa sem ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar gildir ekki um.
- 6) Í ljósi þeirrar staðreyndar að Sambandið hefur lagt tilkynningu, sem nær yfir tilflutning úrgangs innan Sambandsins, fyrir skrifstofu Basel-samningsins skv. 11. gr. samningsins er engin krafa um að Sambandið innleiði breytingarnar á viðaukunum við Basel-samninginn, sem varða hættulausan plastúrgang (færslur B3011 og Y48), inn í lög Sambandsins að því er varðar tilflutning milli aðildarríkja. Til að tryggja skýrleika laga ætti þó að fella nýjar færslur um tilflutninga á hættulausum plastúrgangi innan Sambandsins inn í III. viðauka, III. viðauka A og IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1013/2006 þar sem höfð er hliðsjón af hugtökum sem notuð eru í nýju færslunum B3011 og Y48 í Basel-samningnum og þar sem núverandi eftirliti með slíkum tilflutningum innan Sambandsins er að mestu leyti viðhaldið.
- 7) Ýmsar tæknilegar viðmiðunarreglur og leiðbeiningarskjöl um umhverfisvæna stjórnun ýmiss konar úrgangsstrauma voru samþykkt á síðustu ráðstefnu aðila Basel-samningsins. Þessar tæknilegu viðmiðunarreglur og leiðbeiningarskjöl veita gagnlegar leiðbeiningar og því ætti að bæta þeim við í VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1013/2006.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttð. ESB L 433, 22.12.2020, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 244/2020 frá 30. desember 2020 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjttð. ESB L 190, 12.7.2006, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Ákvörðun ráðs Efnahags- og framfarastofnunarinnar C(2001)/107/lokagerð um endurskoðun ákvörðunar C(92)39/lokagerð um eftirlit með flutningi úrgangs sem ætlaður er til endurnýtingar.

<sup>(3)</sup> Ákvörðun ráðs Efnahags- og framfarastofnunarinnar C(2001)/107/lokagerð um endurskoðun ákvörðunar C(92)39/lokagerð um eftirlit með flutningi úrgangs sem ætlaður er til endurnýtingar.

- 8) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1013/2006 til samræmis við það.
- 9) Þar eð breytingarnar á viðaukunum við Basel-samninginn og viðbæturnum við ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar öðlast gildi 1. janúar 2021 ættu breytingarnar á reglugerð (EB) nr. 1013/2006, sem varða þessar breytingar, einnig að öðlast gildi 1. janúar 2021.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Reglugerð (ESB) nr. 1013/2006 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum I. viðauka C, III. viðauka, III. viðauka A., IV., V. og VII. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.
- 2) Í stað VIII. viðauka kemur texti II. viðauka við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Ákvæði 1. mgr. 1. gr. koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. október 2020.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

\_\_\_\_\_

## I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka C, III. viðauka, III. viðauka A., IV., V. og VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1013/2006 er breytt sem hér segir:

1) Í stað annarrar málsgreinar e-liðar 25. liðar í I. viðauka C. kemur eftirfarandi:

„Slíkir kóðar geta verið tilgreindir í III. viðauka A, III. viðauka B, IV. viðauka (EU48) eða IV. viðauka A við þessa reglugerð. Í því tilviki skal númer viðaukans koma fram á undan kóðunum. Að því er varðar III. viðauka A skal nota viðkomandi kóða sem er tilgreindur, eða sem eru tilgreindir, í III. viðauka A, í röð eins og við á. Tiltekna Basel-færslur, s.s. B1100 og B3020, takmarkast eingöngu við tiltekna strauma úrgangs, eins og tilgreint er í III. viðauka A.“

2) Ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„SKRÁ YFIR ÚRGANG SEM FELLUR UNDIR ALMENNUNN UPPLÝSINGAKRÖFURNAR SEM MÆLT ER FYRIR UM Í 18. GR. (ÚRGANGUR Í „GRÆNNI“ SKRÁ)“

b) Í stað a-liðar í I. hluta kemur eftirfarandi:

„a) Skal líta á allar tilvísanir í skrá A í IX. viðauka við Basel-samninginn sem tilvísun í IV. viðauka við þessa reglugerð.“

c) Í stað g-liðar í I. hluta kemur eftirfarandi:

„g) Að því er varðar úrgang sem er tilfluttur innan Sambandsins gildir færsla B3011 í Basel-samningnum ekki og í stað hennar gildir eftirfarandi færsla:

EU3011 Plastúrgangur (sjá einnig skylda færslu AC300 í II. hluta IV. viðauka og skylda færslu EU48 í I. hluta IV. viðauka):

Plastúrgangur sem er tilgreindur hér á eftir að því tilskildu að hann sé svo til laus við mengun og aðrar tegundir úrgangs (\*):

— Plastúrgangur sem samanstendur nær eingöngu (\*\*) af einni óhalógenaðri fjölliðu ásamt eftirfarandi fjölliðum en ekki einskorðað við þær:

- Pólýetýlen (PE)
- Pólýprópýlen (PP)
- Pólýstýren (PS)
- Akrylnítrílbútadíenstýren (ABS)
- Pólýetýlenterepalat (PET)
- Pólýkarbónöt (PC)
- Pólýeterar

— Plastúrgangur sem samanstendur nær eingöngu (\*\*) af einu hertu resíni eða þéttingarafurð ásamt eftirfarandi resínum en ekki einskorðað við þau:

- Úreaformaldehýðresín
- Fenólformaldehýðresín
- Melamínformaldehýðresín
- Epoxýresín
- Alkýðresín

— Plastúrgangur sem samanstendur nær eingöngu (\*\*) af einni af eftirfarandi flúoruðum fjölliðum (\*\*\*):

- Perflúoróetýlen/própýlen (FEP)
- Perflúoróalkoxýalkön:
  - Tetraflúoróetýlen/perflúoróalkýlvínýleter (PFA)
  - Tetraflúoróetýlen/perflúorómetýlvínýleter (MFA)

- Pólývínýlflúoríð (PVF)
- Pólývínýlidenflúoríð (PVDF)
- Pólýtetraflúoróetýlen (PTFE)
- Pólývínýlklóríð (PVC).

- (\*) Í tengslum við „svo til laus við mengun og aðrar tegundir úrgangs“ geta alþjóðlegar og landsbundnar nákvæmar skilgreiningar haft að geyma viðmiðunarpunkt.
- (\*\*) Í tengslum við „nær eingöngu“ geta alþjóðlegar og landsbundnar nákvæmar skilgreiningar haft að geyma viðmiðunarpunkt.
- (\*\*\*) Úrgangur frá neytendum er undanskilinn“.

d) Í II. hluta fellur eftirfarandi texti brott:

„Plastúrgangur í föstu formi

GH013 391530 úr 390410—40 Vínýlklóríðfjöllíður“.

3) Ákvæðum III. viðauka A er breytt sem hér segir:

- a) Ákvæði d-, e- og f-liðar 3. liðar falla brott.
- b) Eftirfarandi 4. lið er bætt við:

„4. Eftirfarandi blöndur úrgangs, sem flokkast undir aðgreinda liði eða undirliði einnar tiltekinnar færslu, falla einungis undir þennan viðauka að því er varðar tilflutninga innan Sambandsins:

- a) blöndur úrgangs sem flokkast undir færslu EU3011 og er skráður undir liðinn þar sem vísað er til óhalógenaðra fjöllíða,
- b) blöndur úrgangs sem flokkast undir færslu EU3011 og er skráður undir liðinn þar sem vísað er til herts resíns eða þéttingarafurða,
- c) blöndur úrgangs sem flokkast undir færslu EU3011 og er skráður undir „perflúoróalkoxýlalkön“.“

4) Ákvæðum IV. viðauka er breytt sem hér segir:

- a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„SKRÁ YFIR ÚRGANG SEM FELLUR UNDIR MÁLSMEÐFERÐ UM SKRIFLEGA FYRIRFRAMTILKYNNINGU OG SKRIFLEGT FYRIRFRAMSAMÞYKKI (ÚRGANGUR Í „GULRI“ SKRÁ)“

- b) Ákvæðum I. hluta er breytt sem hér segir:

- i. Í stað fyrsta og annars liðar kemur eftirfarandi:

„Eftirfarandi úrgangur fellur undir málsmeðferð um skriflega fyrirframtilkynningu og skriflegt fyrirframsamþykki:

Úrgangur sem tilgreindur er í II. og VIII. viðauka við Basel-samninginn (\*).

(\*) VIII. viðauka við Basel-samninginn má finna í skrá A í 1. hluta V. viðauka við þessa reglugerð. II. viðauka við Basel-samninginn má finna í skrá A í 3. hluta V. viðauka við þessa reglugerð.“

- ii. Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) Skal líta á allar tilvísanir í skrá B í VIII. viðauka við Basel-samninginn sem tilvísun í III. viðauka við þessa reglugerð.“

- iii. Eftirfarandi e- og f-lið er bætt við:

„e) Færsla A3210 í Basel-samningnum gildir ekki og í stað hennar gildir færsla AC300 í II. hluta.

f) Að því er varðar úrgang sem er tilfluttur innan Sambandsins gildir færsla Y48 í Basel-samningnum ekki og í stað hennar gildir eftirfarandi færsla:

EU48: Plastúrgangur sem fellur ekki undir færslu AC300 í II. hluta eða færslu EU3011 í I. hluta III. viðauka sem og blöndur plastúrgangs sem fellur ekki undir 4. lið III. viðauka A.“

c) Í II. hluta er eftirfarandi færslu bætt við á eftir færslunni AC270:

„AC300 Plastúrgangur, þ.m.t. blöndur slíks úrgangs, sem inniheldur eða er mengaður efnisþáttum sem eru tilgreindir í I. viðauka í þeim mæli að hann hefur eiginleika sem eru tilgreindir í III. viðauka (sjá einnig skylda færslu EU3011 í I. hluta III. viðauka og skylda færslu EU48 í I. hluta)“

5) Ákvæðum V. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. hluta er breytt sem hér segir:

i. Eftirfarandi færslu er bætt við í lið A3 í skrá A:

„A3210 Plastúrgangur, þ.m.t. blöndur slíks úrgangs, sem inniheldur eða er mengaður efnisþáttum sem eru tilgreindir í I. viðauka í þeim mæli að hann hefur eiginleika sem eru tilgreindir í III. viðauka (sjá einnig skylda færslu B3011 í skrá B í þessum hluta og færslu Y48 í skrá A í 3. hluta)“

ii. Í skrá B er lið B3 breytt sem hér segir:

— Færsla B3010 fellur brott.

— Eftirfarandi færslu er bætt við á undan færslu B3020:

„B3011 Plastúrgangur (sjá einnig skylda færslu A3210 í skrá A í þessum hluta og færslu Y48 í skrá A í 3. hluta)

— Plastúrgangur sem er tilgreindur hér á eftir að því tilskildu að hann sé ætlaður til endurvinnslu (\*) á umhverfisvænan hátt og sé svo til laus við mengun og aðrar tegundir úrgangs (\*\*):

— Plastúrgangur sem samanstendur nær eingöngu (\*\*\*) af einni óhalógenaðri fjölliðu ásamt eftirfarandi fjölliðum en ekki einskorðað við þær:

— Pólýetýlen (PE)

— Pólýprópýlen (PP)

— Pólýstýren (PS)

— Akrylnítrílbútadíenstýren (ABS)

— Pólýetýlenterepalat (PET)

— PólýkARBónöt (PC)

— Pólýeterar

— Plastúrgangur sem samanstendur nær eingöngu (\*\*\*) af einu hertu resíni eða þéttingarafurð ásamt eftirfarandi resínum en ekki einskorðað við þau:

— Úreaformaldehýðresín

— Fenólfornaldehýðresín

— Melamínformaldehýðresín

— Epoxýresín

— Alkýðresín

— Plastúrgangur sem samanstendur nær eingöngu (\*\*\*) af einni af eftirfarandi flúoruðum fjölliðum: (\*\*\*\*)

— Perflúoróetýlen/própýlen (FEP)

— Perflúoróalkoxýalkön:

— Tetraflúoróetýlen/perflúoróalkýlvínýleter (PFA)

— Tetraflúoróetýlen/perflúorómetýlvínýleter (MFA)

— Pólývínýlflúoríð (PVF)

— Pólývínýlidenflúoríð (PVDF)

- Blöndur plastúrgangs, sem samanstendur af pólýetýleni (PE), pólýprópýleni (PP) og/eða pólýetýlenterepalati (PET), að því tilskildu að þær séu ætlaðar til aðskilinnar endurvinnslu (\*\*\*\*) á hverjum efnivið og á umhverfisvænan hátt og séu svo til lausar við mengun og aðrar tegundir úrgangs (\*\*).

- (\*) Endurvinnsla/endurheimt lífrænna efna sem eru ekki notuð sem leysar (R3 í B-þætti IV. viðauka) eða, ef þörf krefur, bráðabirgðageymsla sem takmarkast við eitt skipti að því tilskildu að því sé fylgt eftir með aðgerð R3 og sýnt fram á það með samningi eða viðeigandi opinberum skjölum.
- (\*\*) Í tengslum við „svo til laus við mengun og aðrar tegundir úrgangs“ geta alþjóðlegar og landsbundnar nákvæmar skilgreiningar haft að geyma viðmiðunarpunkt.
- (\*\*\*) Í tengslum við „svo til laus við mengun og aðrar tegundir úrgangs“ geta alþjóðlegar og landsbundnar nákvæmar skilgreiningar haft að geyma viðmiðunarpunkt.
- (\*\*\*\*) Úrgangur frá neytendum er undanskilinn.
- (\*\*\*\*\*) Endurvinnsla/endurheimt lífrænna efna sem eru ekki notuð sem leysar (R3 í B-þætti IV. viðauka) með undanfarandi flokkun og, ef þörf krefur, bráðabirgðageymsla sem takmarkast við eitt skipti að því tilskildu að því sé fylgt eftir með aðgerð R3 og sýnt fram á það með samningi eða viðeigandi opinberum skjölum.“

b) Í stað skrár A í 3. hluta kemur eftirfarandi:

„Skrá A (II. viðauki við Basel-samninginn)

Y46 Úrgangur sem safnað er frá heimilum (\*)

Y47 Leifar sem falla til við brennslu húsasorps

Y48 Plastúrgangur, þ.m.t. blöndur slíks úrgangs, að undanskildu eftirfarandi:

- Plastúrgangur sem er hættulegur úrgangur (sjá færslu A3210 í 1. hluta skrár A í V. viðauka)
- Plastúrgangur sem er tilgreindur hér á eftir að því tilskildu að hann sé ætlaður til endurvinnslu (\*\*) á umhverfisvænan hátt og sé svo til laus við mengun og aðrar tegundir úrgangs: (\*\*\*)
  - Plastúrgangur sem samanstendur nær eingöngu (\*\*\*\*) af einni óhalógenaðri fjölliðu ásamt eftirfarandi fjölliðum en ekki einskorðað við þær:
    - Pólýetýlen (PE)
    - Pólýprópýlen (PP)
    - Pólýstýren (PS)
    - Akrylnítrílbútadíenstýren (ABS)
    - Pólýetýlenterepalat (PET)
    - Pólýkarbónöt (PC)
    - Pólýeterar
  - Plastúrgangur sem samanstendur nær eingöngu (\*\*\*\*) af einu hertu resíni eða þéttingarafurð ásamt eftirfarandi resínum en ekki einskorðað við þau:
    - Úreaformaldehýðresín
    - Fenólformaldehýðresín
    - Melamínformaldehýðresín
    - Epoxýresín
    - Alkýðresín
- Plastúrgangur sem samanstendur nær eingöngu (\*\*\*\*) af einni af eftirfarandi flúoruðum fjölliðum: (\*\*\*\*\*)
  - Perflúoróetýlen/própýlen (FEP)
  - Perflúoróalkoxýalkön:
    - Tetraflúoróetýlen/perflúoróalkýlvínýleter (PFA)
    - Tetraflúoróetýlen/perflúorómetýlvínýleter (MFA)

- Pólývínýlflúoríð (PVF)
- Pólývínýlidenflúoríð (PVDF)
- Blöndur plastúrgangs, sem samanstendur af pólýetýleni (PE), pólýprópýleni (PP) og/eða pólýetýlenteréþalati (PET), að því tilskildu að þær séu ætlaðar til aðskilinnar endurvinnslu (\*\*\*\*\*) á hverjum efnivið og á umhverfissvænan hátt og séu svo til lausar við mengun og aðrar tegundir úrgangs. (\*\*\*)

- 
- (\*) Nema það falli á viðeigandi hátt undir eina færslu í III. viðauka.
- (\*\*) Endurvinnsla/endorheimt lífrænna efna sem eru ekki notuð sem leysar (R3 í B-þætti IV. viðauka) eða, ef þörf krefur, bráðabirgðageymsla sem takmarkast við eitt skipti að því tilskildu að því sé fylgt eftir með aðgerð R3 og sýnt fram á það með samningi eða viðeigandi opinberum skjölum.
- (\*\*\*) Í tengslum við „svo til laus við mengun og aðrar tegundir úrgangs“ geta alþjóðlegar og landsbundnar nákvæmar skilgreiningar haft að geyma viðmiðunarpunkt.
- (\*\*\*\*) Í tengslum við „nær eingöngu“ geta alþjóðlegar og landsbundnar nákvæmar skilgreiningar haft að geyma viðmiðunarpunkt.
- (\*\*\*\*\*) Úrgangur frá neytendum er undanskilinn.
- (\*\*\*\*\*) Endurvinnsla/endorheimt lífrænna efna sem eru ekki notuð sem leysar (R3 í B-þætti IV. viðauka) með undanfarandi flokkun og, ef þörf krefur, bráðabirgðageymsla sem takmarkast við eitt skipti að því tilskildu að því sé fylgt eftir með aðgerð R3 og sýnt fram á það með samningi eða viðeigandi opinberum skjölum.“

c) Í stað fyrirsagnar skrár B í 3. hluta kemur eftirfarandi:

„Skrá B (Úrgangur úr 4. viðbæti í II. hluta ákvörðunar Efnahags- og framfarastofnunarinnar) (\*)

(\*) Úrgangurinn, sem er merktur AB130, AC250, AC260 og AC270, hefur verið felldur brott þar eð talið er, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/12/EB frá 5. apríl 2006 um úrgang (Stjttíð. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 9, sem felld var úr gildi með tilskipun 2008/98/EB), að hann sé hættulaus og því skal hann ekki lúta útflutningsbanninu í 36. gr. þessarar reglugerðar. Úrgangurinn, sem er merktur AC300, hefur verið felldur brott þar eð viðkomandi úrgangur fellur undir færslu A3210 í skrá A í 1. hluta.“

6) Ákvæðum VII. viðauka er breytt sem hér segir:

Eftirfarandi er bætt við í 10. reit:

„vii. Annað (tilgreinið):“

*II. VIÐAUKI**„VIII. VIÐAUKI***LEIÐBEININGAR UM UMHVERFISVÆNA MEDHÖNDLUN (49. gr.)**

- I. Viðmiðunarreglur og leiðbeiningaskjöl sem samþykkt hafa verið samkvæmt Basel-samningnum:
1. Technical guidelines on the environmentally sound management of biomedical and health care wastes (Y1; Y3) <sup>(1)</sup>
  2. Technical guidelines on the environmentally sound management of waste lead acid batteries <sup>(1)</sup>
  3. Technical guidelines on the environmentally sound management of the full and partial dismantling of ships <sup>(1)</sup>
  4. Technical guidelines on the environmentally sound recycling/reclamation of metals and metal compounds (R4) <sup>(2)</sup>
  5. General technical guidelines for the environmentally sound management of wastes consisting of, containing or contaminated with persistent organic pollutants <sup>(3)</sup>
  6. Technical guidelines on the environmentally sound management of wastes consisting of, containing or contaminated with 1,1,1 trichloro 2,2 bis (4 chlorophenyl) ethane (DDT) <sup>(4)</sup>
  7. Technical guidelines on the environmentally sound management of wastes consisting of, containing or contaminated with hexabromocyclododecane (HBCD) <sup>(5)</sup>
  8. Technical guidelines on the environmentally sound management of wastes consisting of, containing or contaminated with perfluorooctane sulfonic acid (PFOS), its salts and perfluorooctane sulfonyl fluoride (PFOSF) <sup>(5)</sup>
  9. Technical guidelines on the environmentally sound management of wastes consisting of, containing or contaminated with pentachlorophenol and its salts and esters (PCP) <sup>(6)</sup>
  10. Technical guidelines on the environmentally sound management of wastes consisting of, containing or contaminated with the pesticides aldrin, alpha hexachlorocyclohexane, beta hexachlorocyclohexane, chlordane, chlordecone, dieldrin, endrin, heptachlor, hexachlorobenzene, hexachlorobutadiene, lindane, mirex, pentachlorobenzene, pentachlorophenol and its salts, perfluorooctane sulfonic acid, technical endosulfan and its related isomers or toxaphene or with hexachlorobenzene as an industrial chemical (POP Pesticides) <sup>(6)</sup>
  11. Technical guidelines on the environmentally sound management of wastes consisting of, containing or contaminated with polychlorinated biphenyls, polychlorinated terphenyls, polychlorinated naphthalenes or polybrominated biphenyls including hexabromobiphenyl (PCBs, PCTs, PCNs or PBBs, including HBB) <sup>(6)</sup>
  12. Technical guidelines on the environmentally sound management of wastes consisting of, containing or contaminated with hexabromodiphenyl ether and heptabromodiphenyl ether, or tetrabromodiphenyl ether and pentabromodiphenyl ether or decabromodiphenyl ether (POP-BDEs) <sup>(3)</sup>
  13. Technical Guidelines for the Environmentally Sound Management of Wastes Containing or Contaminated with unintentionally produced polychlorinated dibenzo-p-dioxins, polychlorinated dibenzofurans, hexachlorobenzene, polychlorinated biphenyls, pentachlorobenzene, polychlorinated naphthalenes or hexachlorobutadiene <sup>(3)</sup>

<sup>(1)</sup> Samþykkt á sjöttu ráðstefnu aðila Basel-samningsins um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra, desember 2002.

<sup>(2)</sup> Samþykkt á sjöundu ráðstefnu aðila Basel-samningsins um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra, október 2004.

<sup>(3)</sup> Samþykkt á fjórtánda ráðstefnu aðila Basel-samningsins um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra, maí 2019.

<sup>(4)</sup> Samþykkt á áttundu ráðstefnu aðila Basel-samningsins um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra, desember 2006.

<sup>(5)</sup> Samþykkt á tólfu ráðstefnu aðila Basel-samningsins um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra, maí 2015.

<sup>(6)</sup> Samþykkt á þrettánda ráðstefnu aðila Basel-samningsins um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra, maí 2017.

14. Technical guidelines on the environmentally sound management of wastes consisting of, containing or contaminated with hexachlorobutadiene <sup>(3)</sup>
  15. Technical guidelines on the environmentally sound management of wastes consisting of, containing or contaminated with short-chain chlorinated paraffins <sup>(3)</sup>
  16. Technical guidelines for the environmentally sound management of used and waste pneumatic tyres <sup>(7)</sup>
  17. Technical guidelines for the environmentally sound management of wastes consisting of, containing or contaminated with mercury or mercury compounds <sup>(5)</sup>
  18. Technical guidelines for the environmentally sound co-processing of hazardous wastes in cement kilns <sup>(7)</sup>
  19. Guidance document on the environmentally sound management of used and end-of-life computing equipment <sup>(6)</sup>
  20. Guidance document on environmentally sound management of used and end-of-life mobile phones <sup>(7)</sup>
  21. Framework for the environmentally sound management of hazardous wastes and other wastes <sup>(8)</sup>
  22. Practical manuals for the promotion of the environmentally sound management of wastes <sup>(9)</sup>
- II. Leiðbeiningar sem Efnahags- og framfarastofnunin hefur samþykkt:
- Technical guidance for the environmentally sound management of specific waste streams:
- Used and scrap personal computers <sup>(10)</sup>
- III. Leiðbeiningar sem Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur samþykkt:
- Guidelines on ship recycling <sup>(11)</sup>
- IV. Leiðbeiningar sem Alþjóðavinnuárástofnunin hefur samþykkt:
- Safety and health in shipbreaking guidelines for Asian countries and Turkey <sup>(12)</sup>

---

<sup>(7)</sup> Samþykkt á tíundu ráðstefnu aðila Basel-samningsins um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra, október 2013.

<sup>(8)</sup> Samþykkt á elleftu ráðstefnu aðila Basel-samningsins um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra, október 2013.

<sup>(9)</sup> Samþykkt á þrettándu og fjórtándu ráðstefnu aðila Basel-samningsins um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra, maí 2017 og maí 2019.

<sup>(10)</sup> Samþykkt af hálfu umhverfismálanefndar Efnahags- og framfarastofnunarinnar í febrúar 2003 (skjal ENV/EPOC/WGWPR(2001)3/FINAL).

<sup>(11)</sup> Ályktun A 962 sem var samþykkt á þingi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar á 23. reglulega fundi hennar, 24. nóvember til 5. desember 2003.

<sup>(12)</sup> Samþykkt til birtingar af hálfu stjórnar Alþjóðavinnuárástofnunarinnar á 289. fundi hennar, 11.–26. mars 2004.